



Industrianställda i Norden • Pohjoismaiden Teollisuustyöntekijät

Stockholm 6. november 2009

Opið bréf til ríkisstjórna Norðurlanda

## Kreppan kallar á aðgerðir

Undanfarnar vikur hefur því verið haldið fram í fjölmöldum að kreppan sé á undahaldi. Það getur verið að það sé tilfellið ef einungis er horft til fjármálageirans. Ef hins vegar er horft til vinnumarkaðarins er spáð griðarlegu atvinnuleysi á Norðurlöndum bæði árin 2010 og 2011. Atvinnuleysi hefur einkum áhrif í iðnaði og við byggingaframkvæmdir. Í þeim raunveruleika sem iðnverkafólk býr við er kreppan enn við lýði og það ástand mun vara á komandi árum.

Kreppan er fyrst og fremst kreppa vegna skorts á eftirspurn en ekki vegna hækkandi framleiðslukostnaðar í norrænum fyrirtækjum. Tilraun til að leysa kreppu með launalækkunum í einstökum fyrirtækjum mun aðeins gera illt verra fyrir samfélagið í heild sinni. Ef kreppan er ekki tekin föstum tökum af aðilum vinnumarkaðarins og stjórnvöldum mun það hafa ófyrirsjáanlegar afleiðingar í för með sér til framtíðar.

Kreppan hefur óhjákvæmileg áhrif á fjárlög ríkjanna. Samdráttur í þjóðarframleiðslu er í sjálfu sér aukin byrði. Þess vegna er stuðningur við þá sem missa atvinnuna mjög mikilvægur og nauðsynlegt er að grípa til aðgerð til að draga úr áhrifum niðursveiflunnar sem á sama tíma er kostnaðarsamt fyrir samfélagið í heild sinni. Stuðningurinn getur komið á stöðugleika en þarf ekki að leiða til langtíma atvinnuleysis.

Grípa verður til aðgerða til að koma í veg fyrir langtímaatvinnuleysi á Norðurlöndum sem mun hafa enn aukin útgjöld í för með sér. Það hlýtur að vera hagkvæmara að fjárfesta í mögulegri atvinnubáttöku en að annast stóra hópa atvinnulausra um lengri tíma.

Iðnaðarframleiðsla á Norðurlöndum er nauðsynlegur grundvöllur sem undirstaða velferðarkerfisins. Á sama tíma stendur iðnaðarframleiðslan frammi nýjum áskorunum sem er afleiðing af pólitískum ákvörðunum til að draga úr útstreymi gróðurhúsalofttegunda. Iðnaðurinn er í lykilhlutverki að lausninni til að ná tökum á loftslagsbreytingunum og við erum reiðubúin til að axla okkar ábyrgð á því verkefni.

Mikilvægt er að skapa atvinnutækifæri í hefðbundnum greinum en það er ekki nóg. Það verður einnig að skapa frjósaman jarðveg fyrir nýsköpun sem tryggir framtíð iðnaðar á Norðurlöndum.

Norrænu ríkisstjórnirnar verða að bera ábyrgð, bæði gagnvart atvinnulífinu og loftslagákvörðunum með því að og að styrkja markvisst rannsóknir og þróun. Það er nauðsynleg forsenda fyrir framtíðarmöguleikum norræns iðnaðar á alþjóðlegum mörkuðum.



Leggja verður áherslu á endur- og símenntun og þjálfun fyrir alla starfshópa í iðnaði. Það getur verið einstakt tækifæri fyrir fólk án tímabundinnar atvinnu eða í hlutastarfi að hafa aðgang að mögulegum leiðum til menntunar. Þess vegna verður að gera allt til að skapa þessu fólkjum þau tækifæri.

Mikilvægt er að fjárfesta í orkusparandi aðgerðum, m.a. endurgerð og viðhaldi á opinberum byggingum og stofnunum sem hvort eð er verður að sinna. Það er tækifæri til að láta átak gegn loftlagsbreytingum haldast í hendur við viðleitni til að berjast gegn efnahagskreppunni og atvinnuleysinu.

Trygga þarf stöðugleika í starfsskilyrðum starfandi fyrirtækja, einnig varðandi fjármögnun, sem nú þegar eru undir álagi vegna minnkandi eftirspurnar á heimsmarkaði. Iðnaðurinn er lykilatvinnugrein til að tryggja vöxt, velferð og atvinnu, - einnig til framtíðar.

Nú er ekki tími til að hörfa. Það er ekki leið til að takast á við efnahagsvandann. Þvert á móti þarf markvissar og skilvirkar aðgerðir. Því fyrr, því betra.

Stefan Löfven IF Metall, Sverige	Thorkild E. Jensen CO-industri, Danmark	Arve Bakke Felles forbundet, Norge
Cecilia Fahlberg Unionen, Sverige	Riku Aalto Metalliitto, Finland	Leif Sande Industri Energi, Norge
Antti Rinne Toimihenkilöunioni, Finland	Lars Bytoft IDA, Danmark	Kristján Gunnarsson SGS, Island
Marit Stykket NITO, Norge	Jouko Ahonen Paperiliitto, Finland	Timo Vallittu Kemianliitto, Finland
Marianne Harg Tekna, Norge	Ulf Bengtsson Sveriges Ingenjörer	Finnbjörn A. Hermannsson Samidn, Island
Sture Arntzen HK, Norge	Pertti Porokari Uusi Insinööriliitto, Finland	Martti Alakoski Sähköliitto
Heikki Kauppi Tekniikan Akateemisten Liitto, Finland	Matti Harjuniemi Rakennusliitto, Finland	Jan-Henrik Sandberg Pappersindustriarbetare- förbundet, Sverige
	Jens Bundvad Industrianställda i Norden	